

Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2007

Quarterly government accounts, 4th quarter 2007

Samantekt


Á 4. ársfjórðungi 2007 nam tekjuafgangur hins opinbera 17,8 milljörðum króna samanborið við 23,7 milljarða króna á sama tíma 2006. Sem hlutfall af landsframleiðslu var tekjuafgangurinn 1,4% og sem hlutfall af tekjum hins opinbera 11,2%. Á árinu sem heild nam tekjuafgangurinn 66,6 milljörðum króna eða 5,2% af landsframleiðslu og 10,8% af tekjum. Til samanburðar var tekjuafgangur hins opinbera 2006 73,8 milljarðar króna eða 6,3% af landsframleiðslu og 13,2% af tekjum.

Heildartekjur hins opinbera á árinu 2007 námu 617,5 milljörðum króna og hækkuðu um ríflega 10% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 48,3% samanborið við 48,0% árið 2006. Heildarútgjöld hins opinbera námu hins vegar um 551 milljarði króna eða 43,1% af landsframleiðslu og hækkuðu um 13,2% frá árinu 2006. Fjárfesting hins opinbera var um 55 milljarðar króna 2007 og hækkaði verulega milli ára eða um 20%.

Tekjuafkoma ríkissjóðs og almannatrygginga var jákvæð um 16,5 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi 2007 samanborið við 22,4 milljarða króna árið áður og um 60,6 milljarða króna á árinu öllu samanborið við 70,1 milljarð króna árið 2006. Tekjuafkoma sveitarfélaganna var einnig jákvæð á 4. ársfjórðungi 2007 eða um 1,2 milljarða króna og því hagstæðari en á sama tíma 2006. Áætlað er að sveitarfélögin skili 5,9 milljarða króna tekjuafgangi á árinu 2007 samanborið við 3,8 milljarða króna 2006.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera uppsöfnuð eftir ársfjórðungum

Figure 1. General government financial balance aggregated by quarters



Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera námu ríflega 159 milljörðum króna á 4. ársfjórðungi 2007 og 617,5 milljörðum á árinu öllu

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 159,3 milljarðar króna á 4. fjórðungi 2007 samanborið við 148,5 milljarða króna á sama tímabili 2006. Nemur hækkunin um 7,3%. Skatttekjur og tryggingagjöld vega langþyngst og skila hinu opinbera 135,6 milljörðum króna samanborið við 128,2 milljörðum króna á sama ársfjórðungi 2006 eins og sjá má í töflu 5. Á öllu árinu 2007 námu tekjur hins opinbera 617,5 milljörðum króna og hækkuðu um ríflega 10% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 48,3% samanborið við 48,0% árið 2006.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2006 og 2007

Table 1. General government finances in 4th quarter 2006 and 2007

Fjárhæðir í milljörðum króna	2006	2007	Breyting		Bráðab.	Breyting
Figures in billion ISK	4. ársfj.	4. ársfj.	%		Prelim.	%
	4th quart.	4th quart.	Change %	2006	2007	Change %
1. Heildartekjur						
Total revenue	148,5	159,3	7,3	560,5	617,5	10,2
2. Heildarútgjöld						
Total expenditure	124,8	141,5	13,4	486,6	550,9	13,2
2.1 Fjárfesting						
Investment	10,3	12,5	21,4	45,6	54,7	20,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
Financial bal. (3 = 1 - 2)	23,7	17,8	•	73,8	66,6	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
Financial balance						
% of total revenue	15,9	11,2	•	13,2	10,8	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF						
Financial bal. % of GDP	2,0	1,4	•	6,3	5,2	•

... útgjöldin mældust hins vegar um 142 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2007 og 551 milljarður króna á árinu öllu

Á fjórða ársfjórðungi 2007 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 141,5 milljarðar króna samanborið við 124,8 milljarða króna árið 2006, og er hækkunin 13,4% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 51,4 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 35,3 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 18,5 milljarðar króna. Þá er áætlað að vaxtagjöld hins opinbera verði 7,3 milljarðar króna á þessum fjórða ársfjórðungi 2007 og opinber fjárfesting 12,5 milljarðar króna. Heildarútgjöld hins opinbera á árinu 2007 námu um 551 milljarði króna eða 44,9% af landsframleiðslu og hækkuðu um 13,2% frá árinu 2006. Þá hækkaði fjárfesting hins opinbera, sem nam um 55 milljörðum króna, verulega milli ára eða 20%.

Tekjuafgangur hins opinbera var 17,8 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2007 og 66,6 milljarðar króna á árinu öllu

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist jákvæð um 17,8 milljarða króna á 4. ársfjórðungi 2007 samanborið við 23,7 milljarða króna á sama tíma 2006, eða sem nemur 1,4% af landsframleiðslu og 11,2% af tekjum. Á árinu öllu nam tekjuafgangur hins opinbera 66,6 milljörðum króna eða 5,2% af landsframleiðslu og 10,8% af tekjum. Til samanburðar var tekjuafgangur ársins 2006 73,8 milljarðar króna eða 6,3% af landsframleiðslu og 13,2% af tekjum.

Ríkissjóður

Tekjuafgangur ríkissjóðs er 13,8 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi, eða 1,1% af vergri landsframleiðslu

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi verið 119,7 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2007 og heildarútgjöld 105,9 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því jákvæður um 13,8 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 1,1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 7,7% frá sama tíma 2006 og útgjöldin um 15,5%. Tekjujöfnuðurinn er því nokkuð óhagstæðari en á fjórða ársfjórðungi 2006.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 4. ársfjórðungi 2006 og 2007

Table 2. Central government finances in 4th quarter 2006 and 2007

Fjárhæðir í milljörðum króna	2006	2007	Breyting		Bráðab.	Breyting
Figures in billion ISK	4. ársfj.	4. ársfj.	%		Prelim.	%
	4th quart.	4th quart.	Change %	2006	2007	Change %
1. Heildartekjur						
Total revenue	111,2	119,7	7,7	412,8	458,5	11,1
2. Heildarútgjöld						
Total expenditure	91,7	105,9	15,5	350,9	405,2	15,5
2.1 Fjárfesting						
Investment	3,7	6,5	75,4	15,6	27,3	75,4
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
Financial bal. (3 = 1 - 2)	19,5	13,8	•	62,0	53,2	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
Financial balance % of total revenue	17,6	11,5	•	15,0	11,6	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF						
Financial bal. % of GDP	1,7	1,1	•	5,3	4,2	•

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði 104 milljörðum króna, eða 87% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 50,9 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 38,4 milljörðum króna og tryggingagjöldin 10 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 32 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2007. Launaútgjöld ríkissjóðs námu 28 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 18,5 milljörðum króna.

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2007 námu 458,5 milljörðum króna samanborið við 412,8 milljarða króna árið 2006 og er hækkinin rúmlega 11% milli ára. Útgjöldin hækkuðu hins vegar um 15,5% milli ára en þau námu 405,2 milljörðum króna 2007. Tekjuafgangurinn var því 53,2 milljarðar króna eða sem svarar 4,2% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafgangurinn 62 milljarðar króna 2006 eða 5,3% af landsframleiðslu.

Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var jákvæð um 1,2 milljarða króna á 4. ársfjórðungi

Heildartekjur sveitarfélaganna á 4. ársfjórðungi 2007 eru áætlaðar 43,8 milljarðar króna og heildarútgjöld 42,6 milljarðar króna. Tekjuafgangur þess ársfjórðungs er því áætlaður um 1,2 milljarðar króna, eða sem nemur 0,1% af landsframleiðslu. Tekjuafkoman er heldur hagstæðari en á sama tíma 2006 þegar tekjuafkoman var 0,6 milljarðar króna. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 8,1% frá sama tíma í fyrra og útgjöldin um 7,2%.

Útvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 24,1 milljarði króna á fjórða ársfjórðungi 2007, eða 55% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 7,5 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 4,2 milljörðum og eignatekjur 8,1 milljarði króna. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 46,5% útgjaldanna, en 19,8 milljarðar króna voru greiddar í laun á fjórða ársfjórðungi 2007. Kaup á vöru og þjónustu numu 11,2 milljörðum króna og fjárfestingin 6 milljörðum króna.

Samkvæmt áætlunum námu heildartekjur sveitarfélaganna 174,3 milljörðum króna árið 2007 samanborið við 161,2 milljarða króna árið 2006 og er hækkunin milli ára 8,1%. Útgjöldin jukust samkvæmt áætlunum um 6,9% milli ára og mældust 168,3 milljarða króna. Tekjuafgangur ársins er því áætlaður 5,9 milljarðar króna eða 0,5% af landsframleiðslu og 3,4% af tekjum. Á árinu 2006 nam tekjuafgangur sveitarfélaganna 3,8 milljörðum króna eða 0,3% af landsframleiðslu. Áætluð fjárfesting sveitarfélaganna á árinu 2007 er 27,5 milljarðar króna samanborið við 30 milljarða króna árið 2006.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 4. ársfjórðungi 2006 og 2007

Table 3. Local government finances in 4th quarter 2006 and 2007

Fjárhæðir í milljörðum króna	2006	2007	Breyting		Bráðab.	Breyting
Figures in billion ISK	4. ársfj.	4. ársfj.	%		Prelim.	%
	4th quart.	4th quart.	Change %	2006	2007	Change %
1. Heildartekjur						
<i>Total revenue</i>	40,4	43,8	8,5	161,2	174,3	8,1
2. Heildarútgjöld						
<i>Total expenditure</i>	39,7	42,6	7,2	157,4	168,3	6,9
2.1 Fjárfesting						
<i>Investment</i>	6,6	6,0	-8,7	30,0	27,4	-8,7
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
<i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	0,6	1,2	•	3,8	5,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
<i>Financial balance % of total revenue</i>	1,6	2,8	•	2,3	3,4	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF						
<i>Financial bal. % of GDP</i>	0,1	0,1	•	0,3	0,5	•

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um tveggja þriðju hluta íbúafjöldans, og er það uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskrift-

ir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn, eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 4th quarter of 2007, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 17.8 billion ISK in surplus or 1.4% of GDP and 11.2% of general government total revenue. This can be compared with a surplus of 2.0% of GDP and 15.9% of general government total revenue in the 4th quarter of 2006. In 2007, the financial balance of the general government was 66.6 billion ISK in surplus or 5.2% of GDP, which can be compared with a surplus of 6.3% of GDP for 2006 or 73.8 billion ISK (see Figure 1).

In 2007, the general government total revenue amounted to 617.5 billion ISK or 48.3% of GDP and increased by 10.2% from 2006. The total expenditure increased by 13.2% and amounted to 551 billion ISK or 43.1% of GDP. The general government investment in 2007 was 55 billion ISK and increased by 20%.

The financial balance of the central government and the social security funds was in surplus by 16.5 billion ISK in the 4th quarter of 2007 and by 60.6 billion ISK for the whole year. This can be compared with a surplus of 22.4 billion ISK in the 4th quarter of 2006 and 70.1 billion ISK for the year 2006. The financial balance of the local governments was in surplus by 1.2 billion ISK in the 4th quarter of 2007 or by 5.9 billion ISK for the year 2007 (see table 3).

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2005–2007*Table 4. Quarterly Government Finances 2005–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	– þar af			Tekjujöfnuður		
Heildartekjur	Heildarútgjöld	fjárfesting	Tekjujöfnuður	hlutfall af	Tekjujöfnuður	
<i>Total revenue</i>	<i>Total expenditure</i>	<i>– thereof investment</i>	<i>Financial balance</i>	<i>Financial balance % of total revenue</i>	<i>Financial balance % of GDP</i>	
(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)			
Híð opinbera <i>The General Government</i>						
2005	483,6	433,3	31,8	50,2	10,4	4,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	114,0	102,9	6,1	11,1	9,7	1,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	117,4	111,2	8,9	6,1	5,2	0,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	124,2	109,5	10,5	14,7	11,8	1,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	128,0	109,7	6,3	18,3	14,3	1,8
2006	560,5	486,7	45,6	73,8	13,2	6,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	134,4	115,5	9,3	18,9	14,1	1,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	137,3	123,3	12,7	13,9	10,1	1,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	140,4	123,1	13,2	17,3	12,3	1,5
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	148,5	124,8	10,3	23,7	15,9	2,0
2007	617,5	550,9	54,7	66,6	10,8	5,2
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	152,1	130,6	10,8	21,5	14,2	1,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	151,7	140,5	15,3	11,2	7,4	0,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	154,4	138,3	16,1	16,1	10,4	1,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	159,3	141,5	12,5	17,8	11,2	1,4
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2005	363,6	318,0	13,2	45,6	12,5	4,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	83,8	75,3	2,4	8,6	10,2	0,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	87,5	81,1	3,3	6,5	7,4	0,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	94,8	80,8	4,9	14,0	14,8	1,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	97,4	80,9	2,6	16,5	17,0	1,6
2006	412,8	350,9	15,6	62,0	15,0	5,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	97,6	83,0	2,7	14,6	15,0	1,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	100,1	86,2	4,3	14,0	13,9	1,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	103,9	90,0	4,8	13,9	13,4	1,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	111,2	91,7	3,7	19,5	17,6	1,7
2007	458,5	405,2	27,3	53,2	11,6	4,2
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	112,6	95,2	4,8	17,4	15,4	1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	110,7	101,7	7,6	9,0	8,2	0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	115,4	102,4	8,4	13,0	11,3	1,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	119,7	105,9	6,5	13,8	11,5	1,1

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2005–2007 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2005–2007 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	– þar af			Tekjujöfnuður		
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	fjárfesting <i>investment</i>	Tekjujöfnuður <i>Financial balance</i>	hlutfall af <i>balance % of</i>	Tekjujöfnuður <i>balance %</i>	hlutfall af VLF <i>balance %</i>
(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)	total revenue	of GDP	
Sveitarfélög The Local Governments						
2005	130,7	129,7	18,5	1,0	0,8	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	32,7	30,9	3,7	1,9	5,7	0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	32,5	33,5	5,5	-1,1	-3,3	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	32,0	32,5	5,5	-0,4	-1,4	–
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	33,4	32,8	3,7	0,7	2,0	0,1
2006	161,2	157,4	30,0	3,8	2,3	0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	39,8	37,6	6,6	2,3	5,7	0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	41,2	40,8	8,4	0,5	1,1	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	39,8	39,3	8,4	0,4	1,1	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	40,4	39,7	6,6	0,6	1,6	0,1
2007	174,3	168,3	27,4	5,9	3,4	0,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	43,2	40,6	6,0	2,6	6,1	0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	44,4	43,3	7,7	1,2	2,6	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	42,8	41,9	7,7	0,9	2,2	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	43,8	42,6	6,0	1,2	2,8	0,1
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2005	81,2	77,6	0,1	3,6	4,4	0,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	19,8	19,1	–	0,7	3,3	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	20,7	20,0	–	0,7	3,6	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	20,4	19,2	0,1	1,1	5,6	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	20,4	19,3	–	1,1	5,2	0,1
2006	90,8	82,7	–	8,1	8,9	0,7
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	22,3	20,5	–	1,9	8,4	0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	21,3	20,7	–	0,6	2,8	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	23,3	20,6	–	2,7	11,7	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	23,8	20,9	–	2,9	12,2	0,2
2007	100,0	92,6	–	7,4	7,4	0,6
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	24,5	22,9	–	1,5	6,3	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	24,2	23,2	–	1,0	4,1	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	25,2	23,1	–	2,2	8,5	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	26,2	23,5	–	2,7	10,2	0,2

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2006–2007Table 5. *Quarterly Government Revenue and Expenditure 2006–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2006			2007						
	Alls <i>Total</i>	Ársfj. <i>Quarters</i>	III	IV	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>	I	II	III	IV
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	560,5	140,4	148,5	617,5	152,1	151,7	154,4	159,3		
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	445,4	111,4	118,2	487,7	120,1	119,1	122,9	125,6		
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	213,6	48,2	63,5	242,8	62,6	61,5	56,3	62,5		
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,4	0,1	0,1	1,4	0,3	0,3	0,3	0,3		
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	24,7	5,4	6,1	29,1	7,1	7,2	7,3	7,6		
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	200,6	55,4	47,1	206,9	48,3	48,8	56,2	53,6		
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	4,6	1,3	1,1	5,9	1,5	1,0	2,1	1,2		
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	1,6	0,9	0,3	1,6	0,2	0,2	0,7	0,4		
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	38,4	9,9	10,0	40,5	10,3	10,4	9,8	10,0		
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,4	0,5	0,7	1,5	0,2	0,3	0,3	0,6		
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	75,2	18,7	19,5	87,9	21,5	22,0	21,3	23,1		
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	486,6	123,1	124,8	550,9	130,6	140,5	138,3	141,5		
21 Laun <i>Wages</i>	178,8	44,5	47,2	198,2	47,5	50,7	48,6	51,4		
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	123,4	30,2	32,3	133,4	31,3	34,5	32,4	35,3		
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	20,8	5,2	5,2	22,8	5,7	5,7	5,7	5,7		
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	25,2	6,3	6,3	29,1	7,3	7,3	7,3	7,3		
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	20,3	5,3	5,2	21,1	5,8	4,7	5,3	5,3		
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,1	0,5	0,4	2,9	0,1	0,5	0,4	1,8		
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	66,7	16,7	16,8	75,8	19,2	18,9	19,2	18,5		
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	24,8	6,4	6,3	35,7	8,7	8,6	9,0	9,5		
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	45,6	13,2	10,3	54,7	10,8	15,3	16,1	12,5		
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-20,8	-5,2	-5,2	-22,8	-5,7	-5,7	-5,7	-5,7		
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	73,9	17,3	23,7	66,6	21,5	11,2	16,1	17,8		
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	13,2	12,3	15,9	10,8	14,2	7,4	10,4	11,2		
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	6,3	1,5	2,0	5,2	1,7	0,9	1,3	1,4		
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	48,0	12,0	12,7	48,3	11,9	11,9	12,1	12,5		
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	41,7	10,5	10,7	43,1	10,2	11,0	10,8	11,1		

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2006–2007Table 6. *Quarterly Government Revenue and Expenditure 2006–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2006			2007				
	Alls <i>Total</i>	Ársfj. <i>Quarters</i>	Quarters	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>	Quarters	Quarters	Quarters
		III	IV		I	II	III	IV
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	412,8	103,9	111,2	458,5	112,6	110,7	115,4	119,7
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	328,0	81,9	88,5	361,0	88,9	86,4	91,6	94,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	128,1	27,5	41,0	148,7	38,8	37,7	33,8	38,4
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,4	0,1	0,1	1,4	0,3	0,3	0,3	0,3
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	7,8	1,2	1,9	10,0	2,3	2,4	2,5	2,8
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	185,6	50,9	44,1	193,4	45,6	44,8	52,2	50,9
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	4,6	1,3	1,1	5,9	1,5	1,0	2,1	1,2
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	1,5	0,9	0,3	1,5	0,2	0,2	0,7	0,4
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	38,4	9,9	10,0	40,5	10,3	10,4	9,8	10,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,1	0,7	1,0	2,2	0,3	0,4	0,5	1,0
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	44,4	11,4	11,7	54,8	13,1	13,6	13,5	14,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	350,8	90,0	91,7	405,2	95,2	101,7	102,4	105,9
21 Laun <i>Wages</i>	98,3	24,6	26,1	108,6	25,9	28,2	26,5	28,0
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	63,8	16,0	16,9	68,6	15,1	18,1	16,9	18,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	15,1	3,8	3,8	16,7	4,2	4,2	4,2	4,2
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	20,2	5,1	5,1	23,7	5,9	5,9	5,9	5,9
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	17,2	4,5	4,4	17,7	5,0	3,8	4,4	4,5
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	105,6	27,1	27,7	117,4	28,0	28,0	29,3	32,0
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	12,2	3,2	3,1	13,9	3,8	3,4	3,8	2,9
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	18,1	4,7	4,6	28,1	6,7	6,7	7,1	7,6
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	15,6	4,8	3,7	27,3	4,8	7,6	8,4	6,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-15,1	-3,8	-3,8	-16,7	-4,2	-4,2	-4,2	-4,2
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	62,0	13,9	19,5	53,2	17,4	9,0	13,0	13,8
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	15,0	13,4	17,6	11,6	15,4	8,2	11,3	11,5
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	5,3	1,2	1,7	4,2	1,4	0,7	1,0	1,1
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	35,4	8,9	9,5	35,8	8,8	8,7	9,0	9,4
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	30,0	7,7	7,9	31,7	7,4	7,9	8,0	8,3

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2006–2007Table 7. *Quarterly Government Revenue and Expenditure 2006–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2006			2007				
	Alls	Ársfj. Quarters		Alls	Ársfjórðungar Quarters			
	<i>Total</i>	III	IV	<i>Total</i>	I	II	III	IV
1 Heildartekjur Total revenue	161,2	39,8	40,4	174,3	43,2	44,4	42,8	43,8
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	117,5	29,2	29,1	126,8	31,2	32,6	31,3	31,6
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	85,5	20,4	21,9	94,1	23,7	23,8	22,5	24,1
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	16,9	4,2	4,2	19,1	4,8	4,8	4,8	4,8
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	15,0	4,5	3,0	13,5	2,7	4,0	4,0	2,7
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,1	0,0	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	14,1	3,6	3,7	15,8	3,9	3,7	4,1	4,2
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	29,6	7,0	7,5	31,7	8,1	8,1	7,5	8,1
2 Heildarútgjöld Total expenditure	157,4	39,3	39,7	168,3	40,6	43,3	41,9	42,6
21 Laun <i>Wages</i>	68,1	16,8	17,8	76,3	18,5	19,2	18,8	19,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	39,4	9,2	10,4	42,6	10,6	10,9	9,9	11,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	5,7	1,4	1,4	6,2	1,5	1,5	1,5	1,5
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	5,0	1,2	1,2	5,4	1,4	1,4	1,4	1,4
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	2,9	0,7	0,7	3,1	0,8	0,8	0,8	0,8
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,6	0,2	0,2	0,7	0,2	0,2	0,2	0,2
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	5,0	1,3	1,3	5,6	1,4	1,4	1,4	1,4
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	6,4	1,6	1,6	7,2	1,8	1,8	1,8	1,8
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	30,0	8,4	6,6	27,4	6,0	7,7	7,7	6,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-5,7	-1,4	-1,4	-6,2	-1,5	-1,5	-1,5	-1,5
Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)	3,8	0,4	0,6	5,9	2,6	1,2	0,9	1,2
Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue	2,3	1,1	1,6	3,4	6,1	2,6	2,2	2,8
Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP	0,3	0,0	0,1	0,5	0,2	0,1	0,1	0,1
Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP	13,8	3,4	3,5	13,6	3,4	3,5	3,3	3,4
Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP	13,5	3,4	3,4	13,2	3,2	3,4	3,3	3,3

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2006–2007Table 8. *Quarterly Government Revenue and Expenditure 2006–2007*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2006			2007				
	Alls	Ársfj. Quarters		Alls	Ársfjórðungar Quarters			
	Total	III	IV	Total	I	II	III	IV
1 Heildartekjur Total revenue	90,8	23,3	23,8	100,0	24,5	24,2	25,2	26,2
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	89,5	23,0	23,5	98,6	24,1	23,8	24,9	25,8
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	1,3	0,3	0,3	1,4	0,4	0,4	0,4	0,4
2 Heildarútgjöld Total expenditure	82,7	20,6	20,9	92,2	22,8	23,1	23,0	23,3
21 Laun <i>Wages</i>	12,4	3,1	3,3	13,3	3,1	3,4	3,3	3,5
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	20,2	5,0	5,0	22,2	5,6	5,6	5,6	5,6
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,2	–	–	0,2	–	–	–	–
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	–	–	0,1	–	–	–	–
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	49,4	12,3	12,4	56,2	14,1	14,0	13,9	14,2
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,3	0,1	0,1	0,5	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)	8,1	2,7	2,9	7,4	1,5	1,0	2,2	2,7
Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue	8,9	11,7	12,2	7,4	6,3	4,1	8,5	10,2
Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP	0,7	0,2	0,2	0,6	0,1	0,1	0,2	0,2
Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP	7,8	2,0	2,0	7,8	1,9	1,9	2,0	2,0
Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP	7,1	1,8	1,8	7,2	1,8	1,8	1,8	1,8

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

93. árgangur nr. 19 2008:3

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series